

Forsíða

Við splæsum!

Notaðu kóðann **GOUEGG** með næstu pöntun yfir 4.900 kr. og þú færð fjögur súkkulaðiegg í kaupbæti.




Settu öll eggin í sömu kórflu
...og hina matvöruna líka!



 **HEIMKAUP.IS**

Smáratorgi 3
201 Kópavogi
s. 539-3535

Barnabækur og ungmennabækur



Afi ullarsokkur

Kristján Hreinsson


Lesari: Árni Beinteinn Árnason

Sjö ára drengur segir sögur af afa sínum, en þeir búa í þorpi í nágrenni Reykjavíkur ásamt fjölskyldu sinni. Nágrannar þeirra eru ýmsir kynlegir kvistir og í þessu sérstæða samfélagi er alltaf eitthvað bráðskemmtilegt að gerast.

🔊 4:41 klst.

Storytel

HLB



Áfram konur!

150 ára baráttu fyrir frelsi, jafnrétti og systralagi

Marta Breen og Jenny Jordahl

Þýð.: Silja Aðalsteinsdóttir

Saga kvennabaráttu um allan heim er rakin í máli og myndum og sagt frá frumkvöðlum og fyrirmyndum sem lögðu allt í sölnar til að berjast fyrir réttindum kvenna, kvenfrelsi og systralagi.

121 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK



Fótboltasagan mikla Barist í Barcelona

Gunnar Helgason

Myndir: Rán Flygenring

Vinirnir úr Þrótti – Jón, Ívar og Skúli – eru komnir í fótboltaakademíu FC Barcelona. Ekki spillir að Rósa er í Barcelona á sama tíma að keppa með U16-landslíðinu. Lífið gæti ekki verið betra – ja, ef ekki væri fyrir þennan dularfulla Katalóna og leyndarmálið sem Jón þarf að burðast með. Sjálfstætt framhald metsölubókaflokkans Fótboltasögunnar miklu.

265 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Bíóráðgátan

Martin Widmark

Þýð.: Íris Baldursdóttir

Myndir: Helena Willis

Splunkuný og spennandi Ráðgátubók! Þrír hundar hafa horfið sporlaust í Víkurbæ og spæjararnir Lalli og Maja velta fyrir sér hvaða samvísulausa illmenni steli gældýrum annarra. Hinar sívinsælu Ráðgátubækur henta vel fyrir krakka sem þurfa að æfa lesturinn því letrið er stórt og setningarnar stuttar.

96 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Bók um tré

Wojciech Grajkowski

Myndskr.: Piotr Socha

Þessi undurfagra bók hefur farið sigurför um heiminn á örskömmum tíma. Hér eru tré heimsins skoðuð út frá ótal skemmtilegum sjónarhornum. Saga trjáanna er rakin frá örófi fram á þennan dag. Hlutverk þeirra í sögunni, menningu, listum, þjóðsögum og náttúrunni sjálfri er skoðað. Stórfróðleg, undurfögur og skemmtileg bók fyrir alla fjölskylduna.

72 bls.

Sögur útgáfa

IB



Dundað á ferðalagi

Kirsteen Robson

Myndskr.: Manola Caprini

Þessi fallega bók er tilvalin fyrir krakka sem eru að læra að telja og skrifa tölustafina. Skemmtileg verkefni sem þjálfar athyglisgáfuna og hægt er að gera aftur og aftur.

22 bls.

Rósakot

SVK



Emil og Skundi

Guðmundur Ólafsson


Emil er tíu ára strákur sem langar til að eignast hvolp – og hann lætur drauminn rætast! Þegar í ljós kemur að pabbi hans er ekki sérlega hrifinn af þessu bralli sonarins strýkur Emil að heiman – með hvolpinn Skunda í fanginu. Þannig hefst sagan um félagana Emil og Skunda sem eiga eftir að lenda í ótal ævintýrum saman.

Höfundur les hljóðbókina.

🔊 2:49 klst.

Storytel

HLB



Ljósaserían Fleiri Korkusögur

Ásrún Magnúsdóttir

Myndskr.: Sigríður Magnúsdóttir

Eins og venjulega ræður ímyndunaraflíð og uppátekta-semin för hjá Korku. Að þessu sinni tekst hún á við stingumaura, vatnsstríð og brotin vasa og eins og áður eru hundarnir Addi og Máni ekki langt undan.

72 bls.

Bókabeitan

IB



Gallsteinar afa Gissa

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Myndir: Freydis Kristjánsdóttir

Torfi og Gríma eiga virkilega leiðinlega fjölskyldu. Mamma þeirra er skipanaglaður harðstjóri, pabbinn er viðutan vinnusjúklingur og Úlfur er ömurlegt unglings-skrimslí. Systkinin dreymir um betra heimilislíf, gældýr og gotterí. Getur afa Gissa látið draumana rætast? Yfirnáttúruleg og sprenglægilleg fjölskyldusaga sem nú er á fjöllum hjá Leikfélagi Akureyrar.

159 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Handbók fyrir ofurhetjur – 4. hluti: Vargarnir koma

Elias Vahlund

Þýð.: Ingunn Snædal

Myndskr.: Agnes Vahlund

Þegar það gerist sem maður óttaðist mest, þarf maður ekki lengur að vera hræddur við neitt.

Fjórháa bókin um ofurhetjuna kemur út í maí!

Hröð, spennandi og skemmtileg saga um stúlku sem tekur málin í sínar eigin hendur.

104 bls.

Drápa

VÆNTANLEG Í MAÍ

IB



Harry Potter

Harry Potter og eldbikarinn, Harry Potter og Fönixreglan, Harry Potter og blendisprinsinn, Harry Potter og dauðadjáfsn

J. K. Rowling

Lesari: Jóhann Sigurðarson


Fáum bókum hafa lesendur tekið jafnmiklu ástfóstri við og bókunum um Harry Potter.

Uppgötvaðu galdraheim þar sem þú kemst í snertingu við normir, galdramenn, mugga og bestu vini Harry, Ron og Hermione.

Leggðu af stað í spennandi ævintýri þegar þú hlustar á sögur um drenginn sem lifði í frábærum lestri Jóhanns Sigurðarsonar!

Storytel

HLB



Harry Potter og viskusteinninn

J. K. Rowling

Þýð.: Helga Haraldsdóttir

Á ellefu ára afmæli Harry Potter birtist risavaxinn maður með augu eins og litlar, svartar bjöllur á heimili þeirra: Rubeus Hagrid. Hann hefur þær fréttir að færa að Harry Potter sé galdramaður og hann hafi fengið inngöngu í Hogwart – skóla galdra og seiða. Og magnað ævintýri hefst!

Ný útgáfa.

291 bls.

Bjartur

IB



Hulduheimar

Gliturstroend

Töfrastjóri

Rosie Banks


Þýð.: Arndís Þórarinsdóttir

Eva, Jasmin og Sólrún snúa aftur í tveimur ævispennandi ævintýrum þar sem þær hjálpa vinum sínum í Hulduheimum gegn hinnu illu Nöðru drottningu. Í *Töfrastjóri* þurfa þær að bjarga klakakrílum frá því að frjósa í hel og í *Gliturstroend* eru sjálfir töfrar Hulduheima í hættu. Skemmtilegar og ríkulega myndskreyttar léttlestrarbækur sem eiga marga aðdáendur.

118/124 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Hvar er Depill?

Flipabók

Eric Hill

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Hundurinn Depill er ómissandi hluti bernskunnar víða um lönd. Í þessu fyrsta ævintýri Depils geta börnin tekið þátt í leitinni að hinum fjögura og skemmtilega hvolpi með því að lyfta flipunum á hverri síðu og athuga hvað leynist undir þeim.

22 bls.

Ugla

IB



Ljósaserían

Hundurinn með hattinn

Guðni Lindal Benediktsson

Allir vita að enginn er betri að leysa ráðgátur en Spori, hundurinn með hattinn. En þegar dularfullur þjófnaður dregur úr honum kjarkinn þá lendir það á kettlingnum Tása að stappa í hann stálinu. Saman lenda þeir í lævisum refum, skuggalegum smáhundum og svakalegum heilabrotum.

68 bls.

Bókabeitan

IB



Hvísl hrafnanna – 2. bók

Malene Sölvsten

Lesari: Sigríður Eyrún Friðriksdóttir

Gamall vinur segir Önnu rétt áður en hann deyr að systur hennar hafi verið rænt. Til að frelsa systur sína verður Anna að hætta lífi sínu og fara um ókunna heima. Annað bindi í ævispennandi og bráðskemmtilegum þríleik.

18:45 klst.

Storytel

HLB



Kettlingurinn sem enginn vildi eiga

Holly Webb

Þýð.: Ívar Gissurarson

Köttur Maríu er dáinn og hún saknar hans mjög mikið. Hún hafði átt hann lengi og gat ekki hugsað sér annan kött. En þá eignast læða vinkonu hennar kettlinga sem allir eignast fljótlega ný heimili, nema sá litli hvíti. Enginn virðist vilja hann. Og spurningin er: Verður sá litli nýi kötturinn hennar Maríu eða bara kettlingurinn sem enginn vildi eiga?

128 bls.

Nýhöfn

KIL



Krókóðillinn sem poldi ekki vatn

Gemma Merino

Við vitum öll að krókóðilar þrífast best í vatni. En ekki þessi krókóðill. Hann þolir bara ekki vatn! Hann vill miklu frekar klifra í trjám. Gæti verið að þessi krókóðill sé alls ekki krókóðill?

28 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Litabækur Rosie Flo

Litabókin hennar Rosie Flo

Tímaflakkarar

Listaverkalitabókin hennar Rosie Flo


Roz Streeten

Lítaðu og teiknaðu andlit, handleggi og fótleggi á fólk í listaverkum meistaranna, Dalí, Magritte, Klimt, Chagall og fleiri.

36 bls.

Angústúra

SVK



Mamma klikk

Gunnar Helgason


Mamma klikk er fyrsta sagan í bókaflokknum um Stellu og fjölskyldu hennar eftir metsöluhöfundinn Gunnar Helgason, og allar slógu þær í gegn: *mamman, Pabbi prófessor, Amma best* og *Siggi sítróna*. Nú kemur bókin loksins út í kilju.

„Barnabók ársins“ (Árni Matthíasson / *Morgunblaðið*).

192 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Nýr heimur

Ævintýri Esju í borginni.

Sverrir Björnsson


Myndskr.: Jakob Jóhannsson

Esja er ung stúlka sem býr með fjallafólki uppi á Bláfjalli, í felum fyrir nútímanum. Það er bannað að fara niður í borgina og refsingin við því er útleigð. Esja er hjartgöð og hugrökk en dálítið öðruvísi en hin fjallabörnin. Eftir óvænta atburði lendir Esja niðri í borginni þar sem hún þarf að takast á við nýtt líf, fordóma og einelti en kynnist líka vináttu og trausti. Hún hittir borgarstrákinn Mána og saman reyna þau að leysa vanda Esju og takast á við mikla umhverfisvá sem ógnar öllu lífi á Bláfjalli.

64 bls.

Gjörð ehf.

IB



Ofur Kalli og tuskudýraþjófurinn

Camilla Läckberg

Lesari: Árni Beinteinn Árnason

Camilla Läckberg er ekki aðeins einhver allra vinsælasti glæpasagnahöfundur í heimi heldur skrifar hún líka vinsælar bráðskemmtilegar barnabækur um Ofur-Kalla sem er sterkasta smábarn í heimi og leysir erfið glæpamál eins og að drekka pelamjól.

13 mín.

Storytel

HLB



Bernskubrek Ævars vísindamanns

Óvænt endalok

Ævar Þór Benediktsson

Myndir: Rán Flygenring

Fimmta og síðasta bókin um bernskubrek Ævars vísindamanns. Stórhættulegi Einherjinn úr *Ofurhetjuviddinni* er kominn yfir í okkar heim og leitar uppi gamla kunningja Ævars: geimverufjölskyldu í felum, gervigreind í dvala og innilokaðar risaæðlur. Áður en Ævar veit hvaðan á hann stendur veðrið er hann lentur í hættulegasta ævintýri lífs síns!

250 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL

RAF



PAX – Uppvakningurinn

Asa Larsson og Ingela Korsell

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson


Myndskr.: Henrik Jonsson

Óargadýr herjar á íbúa Mariefred. Viggó og Alríkur verða að koma í veg fyrir að fleiri íbúar verði fyrir árásum. Er þetta varúlfur? Hvernig sigrast maður á slíkrri skepnu? Uppvakningurinn er annar hlutinn í hinum æsispennandi PAX bókaflökki og kemur út í maí. Bók númer þrjú kemur út haustið 2019.

192 bls.

Drápa

IB



Ropandi Rúna

Michael Rosen

Lesari: Andrea Ösp Karlsdóttir

Dag einn í ósköp venjulegu húsi varð ósköp venjulegri stelpu — henni Rúnu — það á að gefa frá sér mjög óvenjulegan ropa. Ropa sem var svo óvenjulegur að hann feykti hlutum um koll. Áður en varði var Rúna orðin ropandi fræg um allan heim.

14 mín.

Storytel

HLB



Seiðmenn hins forna

Seiðmenn hins forna

Töfrad tvisvar

Cressida Cowell

Þýð.: Jón St. Kristjánsson


Ósk býr yfir mögnuðum galdri sem virkar á járn, Xar er með hættulegan nornablett í lófa sínum. Saman geta þau bjargað Villiskógunum frá nornunum en tíminn er að renna út ...

Önnur bókin í bókaflokknum *Seiðmenn hins forna* eftir metsöluhöfundinn Cressidu Cowell sem sló í gegn með sögunum *Að tenja drekann sinn*.

400 bls.

Angústúra

IB



Skögla

Þórunn Benediktsson

Lesari: Stefán Benedikt Vilhelmsson

Þegar dvergurinn Nýráður og fósturdóttir hans, Skögul, halda til fundar við konunginn í Næríki á hvorugt þeirra von á hremmingunum sem biða þeirra. Launráð verða til þess að þeim er stíað í sundur og þurfa þau að vaða eld og brennistein til þess að finna hvort annað á ný. Á leiðinni mæta þau blóðþyrstum nöðrum, alvitrum jötni og útlægu goði í kapphlaupi við tímann þar sem þeirra gætu beðið verri örlög en dauðinn.

12:19 klst.

Storytel

HLB



Smábækur

Ferðaprautir

Frumskógur

Fyndin fés

Teiknum dýr

Simon Tudge og Sam Smith

Þessar litlu bækur eru fullar af skemmtilegum þrautum, límmiðum, myndum til að lita og teikna. Bækurnar styttu krökkum á öllum aldri stundir heima og á ferðalögum.

Rósakot

SVK



Villinorn

Eldraun

Blóð Viridiönu

Lene Kaaberbøl

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Villinornin Shania er órvæntingafull og illa særð og það sem hún biður Klöru um að gera er lífshættulegt. Önnur bókin í danska bókaflokknum *Villinorn* um Klöru og baráttu hennar við háskaleg öfl í náttúrunni.

160 bls.

Angústúra

KIL



Dín eigin saga

Draugagangur

Piparkökuhúsið

Ævar Þór Benediktsson

Myndir: Evana Kisa

Þessar litríku bækur fjalla um draugalegt hús og skrautlega íbúa þess, glaðlegan piparkökukar, grimma norn – og ÞIG. Því þú ræður hvað gerist! Bækur Ævars þar sem lesandinn ræður ferðinni hafa notið mikilla vinsælda. Hér spinnur hann þræði úr *Þinni eigin hrollveju* og *Þínu eigin ævintýri* í stuttum köflum og aðgengilegum texta sem hentar byrjendum í lestri.


80/56 bls.
Forlagið – Mál og menning

VÆNTANLEG Í APRÍL

SVK



Skáldverk



Að vetrarlagi

Isabel Allende

Þýð.: Sigrún Eiríksdóttir

Lesari: Álfrún Helga Örnólfsdóttir

Isabel Allende er uppáhaldshöfundur margra enda skrifar hún töfrandi sögur og hefur einstakan skilning á mannlegu eðli. Hér leiðir hún lesendur í vetrarferð með Richard, Lucíu og Evelyn sem bræða mun hvert hjarta.

368 bls. / 10:07 klst.
Forlagið – Mál og menning

KIL RAF HLB



Aðeins ein nótt

Simona Ahrnstedt

Lesari: Anna Bergljót Thorarensen

„Mæli frekar með þessari en 50 gráum skuggum.“ – Enbókirkelföralla


Þegar David og Natalia hittast á hádegisverðarfundum á heitu sumri í Stokkhólmi kemur það þeim báðum í opna skjöldu hve mjög þau laðast hvort að öðru.

Gegn vilja sínum eiga þau saman ástríðufulla nótt sem hvorugt þeirra getur gleymt. En útilokað er að samband þeirra geti orðið lengra. Þau eru óvinir ...

14:52 klst.

Storytel

HLB



Ástin Texas

Guðrún Eva Mínervudóttir


„Fádæma vel gert; mannlysingar eru trúverðugar og vekja samkennd með persónum og samskiptum þeirra lýst af slíkri dýpt og næmi að þau láta lesandann vart ósnortinn.“ Fjórúverðlaunin 2019, umsógn dómnefndar.

„Heillandi, efnismiklar sögur, hver um sig sjálfstætt verk.“ HP, Mbl.

208 bls.

Bjartur

KIL



Barn náttúrunnar

Halldór Laxness

Fyrsta bók Halldórs Laxness, *Barn náttúrunnar*, kom út 1919, þegar hann var sautján ára, og er nú gefin út í tilefni aldarafmælisins. Þessi heillandi ástarsaga sveitastúlunnar Huldu og heimsmannsins Randvers er mikil átakasaga þar sem stórar hugsjónir eru í húfi. Með fylgir formáli höfundar að 2. útgáfu sögunnar frá 1964 og nýr eftirmáli Halldórs Guðmundssonar.

214 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF



Barnið sem hrópaði í hljóði

Jónína Leósdóttir


Lesari: Elín Gunnarsdóttir

Fjórða bókin um Eddu á Birkimelnum, glímu hennar við flókin sakamál og samskipti hennar við fjölskyldu sína sem stundum eru síst einfaldari. Hér ræður hún sig sem húshjálpmann til læknishjóna í Skerjafirði þar sem andrúmsloftið er grunsamlega rafmagnað. „Skemmtileg og spennandi glæpasaga sem tekst á við erfið málefni af alvöru og hlýju.“ (BB/Fréttablaðið) „... tekst Jónínu enn á ný að gera viðfangsefni Eddu áhugaverð og spennandi.“ (PAG/Morgunblaðið)

309 bls. / 8:23 klst.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF HLB



Bernskumyndir

Finnur Torfi Hjörleifsson

Í örsögum og ljóðrænum prósa þessarar bókar segir höfundur frá bernsku sinni á 5. áratug 20. aldar.

Bókin kom fyrst út 1993 í ljóðabókaflokki Máls og menningar. Hún hlaut þá mjög góða dóma og seldist upp og hefur því lengi verið ófánleg.

Jón Reykdal myndskreytti bókina.

51 bls.

Skrúdda

KIL



Blá

Maja Lunde

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Árið 2017 heimsækir Signe æskuslóðir í Noregi þar sem blasa við miklar virkjunarframkvæmdir. Hún siglir skelkuð á braut, ein á skútu, til að hitta mann sem hún elskaði eitt sinn og á við hann áriðandi erindi. Árið 2041 er David á flótta í Frakklandi ásamt dóttur sinni en miklir þurrkar hafa hrakið þau að heiman. Dag einn finna þau vel falinn bát á eyðibýli og ótal spurningar vakna ...

347 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Blóðhefnd

Angela Marsons

Þýð.: Ingunn Snædal

Kim Stone snýr aftur í hörkuspennandi trylli sem þú getur ekki lagt frá þér. Fréttablaðið sagði: „Besta bókin hingað til í sallafinni krimmaseríu sem er ekki síst ávanabindandi vegna þess hversu aðalpersónan Kim Stone er ómótstæðilegur löggutóffari. Komi hún fagnandi. Sem oftast.“

384 bls.

Drápa

SVK




Brandarar handa byssumönnunum

Mazen Maarouf
Þýð.: Uggi Jónsson

Fjörtán smásögur, fyndnar og óhugnanlegar, sem margar fjalla um börn og umhverfið er iðulega stríðs-hrjád borg; fátt er sem sýnist og ímyndun og veruleiki renna saman. Höfundurinn, palestínskari að uppruna, var flóttamaður í Líbanon en hlaut íslenskan ríkisborg-ararétt fyrir fáeinum árum. Bókin var nýverið tilnefnd til alþjóðlegru Man Booker-verðlaunanna 2019. 147 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Dans við dreka

George R.R. Martin
Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Framtíð konungsríkjanna sjö er í óvissu.

Nýjar ógnir stöðja að. Barist er á öllum vígstöðvum með tilheyrandi grimmd, svikum, launráðum og myrkraverkum. Örlögin hafa hagað því svo til, að stíginn er sannkallaður dauðadans. Nýtt bindi í hinum magnaða sagnabálki, sem kenndur er við fyrstu bók bálksins, Game of Thrones.

1248 bls.

Ugla

KIL



Dóttir Mýrarkóngsins

Karen Dionne
Þýð.: Ragna Sigurðardóttir

Faðir Helenu, Mýrarkóngurinn, hélt móður hennar fanginni í fjórtán ár í kofa í óbyggðum og þar ólst Helena upp. Tuttugu árum síðar hefur hún afneitað fortíðinni svo rækilega að jafnvel eiginmaðurinn veit ekkert. Þegar faðirinn sleppur úr fangelsi og hverfur inn í konungsríki sitt getur enginn fundið hann nema dótt-irin sem hann þjálfaði og kenndi ...

318 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Eldraunin

Jørn Lier Horst
Þýð.: Ingunn Snædal

Einstæð móðir, Sofie Lund, flytur inn í hús sem hún hefur erfð eftir afa sinn. Meðal þess sem þar finnst reynist vera sönunargagn í gömlu sakamáli.

„Innsýn Jørn Lier Horst í störf lögreglunnar lyftir bókum hans hátt yfir aðrar glæpasögur.“

★★★★ Dagbladet, Noregi

415 bls.

Bjartur

KIL



Fahrenheit 451

Ray Bradbury
Þýð.: Þórdís Bachmann

Mögnuð framtíðarskaldsaga. Aðalsöguhetjan, Montag, hefur það að starfi að uppræta hættulegustu ógn sam-félagsins, hið prentaða orð, með því að brenna allar bækur sem finnast og húsinn þar sem þær hafa leynst. Dag einn fer Montag að endurskoða allt sem honum hefur verið kennt – með ógnvænlegum afleiðingum.

Eitt af meistaraverkum 20. aldar bókmennta.

222 bls.

Ugla

KIL



Fjällbacka-sería Camilla Läckberg

Ísprinsessan, Predikarinn, Steinsmiðurinn, Óheillakrákan, Astandsbarnið, Hafnreyxjan, Vitavörðurinn, Englasmiðurinn, Ljónatemjarinn
Camilla Läckberg

Fjällbacka-serían er nú loksins fáanleg í heild sinni. Æsispennandi sjálfstæðar sakamálasögur um hjónin Ericu Falck rithöfund og Patrik Hedström lögreglumann.

Sögur útgáfa



Fyrirmyndarmóðir

Aimee Molloy
Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir og Ingibjörg Valsdóttir

Mömmuklúbburinn ákveður að bregða sér út á lífið. Gleðin hlýtur sviplegan endi þegar Mídasí, sex vikna gömlum syni Winniear, er rænt úr vöggunni sinni. Barnshvarfið fær mikla athygli og þegar fjölmiðlar beina athygli sinni að móðurinni og öðrum meðlimum mömmuklúbbsins kemur ýmislegt misjafnt í ljós.

290 bls.

Þjört bókaútgáfa – Bókabeitan

KIL



Game of Thrones – Krúnuleikar

George R.R. Martin
Lesari: Pétur Eggertz

Fyrsta bókin í seríunni Söngur um ís og eld. Stórkost-legasti ævintýrasagnabálkur síðari tíma loksins á hljóð-bókarformi á íslensku. Á þessari bók eru hinir geysi-vinsælu sjónvarpsþættir, Game of Thrones, byggðir en þeir eru meðal annars teknir upp á Íslandi. Launráð, losti og leynimakk — átökin um járnhásetið eru í algleymingi. Mögnuð bók fyrir spennufikla á öllum aldri.

33:46 klst.

Storytel

HLB



Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið

Jonas Jonasson

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Allan Karlsson fagnar 101 árs afmæli sínu og vinur hans býður honum í ferð í loftbelg. Allt fer úrskæiðis og við tekur ótrúlegt ferðalag sem leiðir þá vinina m.a. til Kims Jong-un í Norður-Kóreu og Donalds Trump í Bandaríkjunum. Sjálfstætt framhald hinnar óborganlegu sögu Gamlinginn sem skreidd út um gluggann og hvarf.

455 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Glæpur við fæðingu

Trevor Noah

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Stórmerkileg saga uppistandarans og stjórnmála-skýrandans Trevors Noah sem ólst upp í skugga aðskilnaðarstefunnar í Suður-Afríku. Sjálf tilvist hans var glæpur, því samband móður hans og föður af ólíkum hörundslit var refsivert á þeim tíma.

Á metsölulista The New York Times síðan hún kom út árið 2016.

368 bls.

Angústúra

KIL



Gullbúrið

Camilla Läckberg


Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Fyrsta bókin í nýrri seríu frá drottningu evrópskra spennusagna. Með Gullbúrinu fetar hin geysivinsæla Camilla Läckberg nýjar brautir og skrifar sögu með ógleymanlegri söguhetju og grímulausum feminískum boðskap. Búðu þig undir að kynnast Faye. Hún er engin venjuleg kona!

352 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Heltekin

Flynn Berry

Þýð.: Hermann Stefánsson

Nora fer að heimsækja systur sína sem býr í litlu þorpi nálægt Oxford – og finnur blóði drifid lík hennar á stofugólfinu. Hún treystir ekki lögreglunni og verður heltekin af að leita morðingjann uppi. Leyndarmál fortíðarinnar koma smám saman upp á yfirborðið og Noru verður ljóst að hún þekkti systur sína ekki eins vel og hún hafði haldið.

303 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Hin ósýnilegu

Roy Jacobsen

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Sterk og áhrifamikil saga um horfinn veruleika og fagra en óblíða náttúru, sannkallaður yndislestur. Ingrid elst upp á lítilli eyju við strönd Norður-Noregs snemma á síðustu öld. Heimur hennar er Barrey og fjölskyldan, húsdýrin, fuglarnir, fiskarnir, stormar, ís og sjór. Tilnefnd til alþjóðlegu Man Booker-verðlaunanna 2017, fyrst norskra bóka.

266 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Húðflúrarinn í Auschwitz

Heather Morris

Þýð.: Ólöf Pétursdóttir

Lesari: Hjálmar Hjálmarsson

Þessi metsölubók er byggð á sannri og hjartnæmri sögu slóvensku gyðinganna Lales og Gitu Sokolov sem urðu ástfangin í útrýmingarþúðunum alræmdu árið 1942.

Það er Lale sem segir frá, en honum tókst með óbilandi bjartsýni, mannúð, útsjónarsemi og persónutöfrum að bjarga fjölda fólks frá dauða í Auschwitz – þar á meðal henni Gitu sinni.

298 bls. / 7:00 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF HLB



Indjáninn

Jón Gnarr

Indjáninn er saga um fjörmikinn strák, örverpi aldraðra foreldra. Drengurinn á við ýmis vandamál að stríða sem valda honum erfiðleikum í uppveitinum, svo sem ofvirkni, athyglisbrest, rautt hár og nærsýni. Hann er hugmyndaríkur og margvísleg uppátæki hans, sum stórhættuleg, vekja litla lukku hjá hinum fullorðnu. Þessi áhrifamikla uppaxtarsaga kemur hér í 5. útgáfu.

221 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Ísólkið 25-30

Margit Sandemo

Lesari: Svandís Dóra Einarsdóttir

Sagan um Ísólkið hefur selst í um 40 milljónum eintaka um allan heim og hafa bækurnar lengi verið ófánlegar á Íslandi. Núna mun allur sagnabálkurinn verða aðgengilegur aftur, að þessu sinni sem hljóðbækur og í glæsilegum lestri úrvalsliðs ungra íslenskra leikkvenna.

Bækurnar segja söguna um ætt Ísólksins. Það hvílir bölvun á ættinni vegna þess að ættfaðirinn seldi Satani sál sína. Í hverri kynslóð fæðist einn einstaklingur sem skal vera í þjónustu Satans. Sagan um Ísólkið hefst svo á 16. öld þegar maður fæðist í ættinni sem reynir að snúa hinu illa til góðs. Hann er kallaður Þengill hinn góði.

Storytel

RAF HLB



Ísköld augnablik

Viveca Sten


Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Metsölubækur Vivecu Sten hafa komið Sandhamn-eyju og sænska skerjagarðinum á kortið. Milljónir manna úti um allan heim fylgjast með ævintýrum Nóru Linde og Thomasar Andreasson. En hvernig kynntust Nóra og Thomas? Af hverju eru þau ekki par? Hvernig kom það til að Nóra erfði hús Brand-fjölskyldunnar? Spurningum af þessu tagi er svarað í þessu spennuþrungna mäsagnasafni þar sem sagðar eru leyndardómsfullar sögur sem lýsa bakgrunni ýmissa persóna í Sandhamn-bókunum.

368 bls.

Ugla

KIL



Íslenskar þjóðsögur

Úrval

Þjóðsögur eru einn dýrmætasti arfur hvernar þjóðar og veita einstaka innsýn í hugarheim genginna kynslóða, líf þeirra, reynslu og örlög. Þar birtist okkur að auki kynjaveröld hins dulúðuga og yfirnáttúrulega.

Þessi bók geymir ýmsar af þekktustu og vinsælustu þjóðsögum Íslendinga.

294 bls.

Bjartur

IB



Ísprinsessan

Camilla Läckberg

Lesari: Selma Björnsdóttir

Í jaðri hins friðsæla bæjar Fjallbacka stóð autt og yfirgefið hús. Vatnið í baðkerinu var frosið og konan sem lá í frosnu baðinu var farin að blána. En maðurinn sem horfði á hana hafði aldrei elskað hana heitar en einmitt þá. Hver framdi hið hræðilega morð og hvers vegna? Lögreglan hefur morðrannsókn og rithöfundurinn Erica Falck dregst inn í málið sem tengist henni persónulega. Ísprinsessan er fyrsta bókin í hinni mögnuðu Fjallbacka-seríu.

13:58 klst.

Storytel

HLB



Kastaníumaðurinn

Sören Sveistrup

Þýð.: Ragna Sigurðardóttir

Í rólegu úthverfi Kaupmannahafnar finnst kona myrt og skelfilega limlest. Fyrir ofan líkið hangir brúða gerð úr kastaníuhnetum. Skömmu síðar finnst önnur kona myrt og á vettvangi er líka brúða úr kastaníuhnetum. Á brúðunum má greina fingrafar löngu horfinnar telpu. Hvað er á seyði? Hvað gengur morðingjanum til? Höfundurinn á heiðurinn af sjónvarpsþáttunum *Forbryðelsen (Glæpurinn)* sem hafa sópað að sér verðlaunum.

558 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Keisaramörgæsir

Þórdís Helgadóttir
Í sagnaheimi Þórdísar Helgadóttur rekast á kunnuglegir hlutir og furður – en þegar betur er að gáð reynast sumar furðurnar líka kunnuglegar. Hér er teft saman fantasiu og raunsæi á heilandi og kraftmikinn hátt. Þórdís Helgadóttir er einn efnilegasti höfundur landsins. Hún hefur áður vakið athygli fyrir smásögur og ljóð, en Keisaramörgæsir er fyrsta bók hennar.

Höfundur les hljóðbókina.

🔊 4:34 klst.

Storytel

HLB



Kim Stone

Ljótur leikur
Myrkríð bíður
Týndu stúlkurnar
Þögult óp

Angela Marsons

Lesari: Íris Tanja Flygenring

Bækur Angelu Marsons um lögreglukonuna Kim Stone hafa slegið í gegn í Bretlandi og hafa komið út á meira en 20 tungumálum um allan heim. Nú er Kim Stone komin til Íslands – og hún er komin til að vera. Ávana-bindandi og hörkuspennandi bækur frá alþjóðlega metsöluhöfundinum Angelu Marsons.

🔊 9:11 klst.

Storytel

HLB



Kvikla


Póra Hjórléifsóttir

Lilja er ung og ástfangin og tilbúin að leggja allt í sölurnar til að þóknast manninum sem hún elskar. En hvað gerist þegar hún hættil að setja honum mörk? Hér er dregin upp mögnuð, ljóðræn en jafnframt grimmdarleg mynd af andlegu ofbeldissambandi lituðu af klámvæðingunni og skelfilegum afleiðingum þess fyrir unga konu.

134 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Lasarus

Lars Kepler

Þýð.: Eyrún Edda Hjórléifsóttir

Meistarari spennutryllanna snýr aftur með sjöundu bók sína um lögreglumanninn Joona Linna í Stokkhólmi. Illa útleikið karlmannslík finnst í íbúð í Osló og í frystikistu þess látna blasir við skelfileg sjón. Joona er síðan kallaður til Þýskalands vegna morðs á niðingi og smám saman fer hann að greina langsótt mynstur. Ekki getur fólk risið upp frá dauðum?

566 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Líkið í bókastofunni

Agatha Christie

Lesari: Helga E. Jónsdóttir

Ung kona í samkvæmiskjól finnst látin í bókastofunni á Gossington-setri snemma morguns. Heimilisfólk veit ekki hver hún er né hvaðan hún kom. Eigendur Gossington-setursins bjóða fröken Marple að koma til sín og leysa ráðgátuna. En þá fara sögusagnirnar af stað.

🔊 5:54 klst.

Storytel

HLB



Medleigjandinn

Beth O'Leary


Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Tiffany Moore verður að finna sér ódýra íbúð strax. Leon Twomey á íbúð, vinnur næturvinnu og vantar peninga. Lausnin blasir við: Leon er í íbúðinni á meðan Tiffany er í vinnunni og þegar hún kemur heim er Leon farinn út. Vinir þeirra halda að þau séu gengin af göflunum en þetta er frábært. Þar til afar stjórnsamur fyrrverandi kærasti, kröfuharðir skjólstaðingar, fangelsaður bróðir og auðvitað sú staðreynd að þau hafa aldrei hist snýr öllu á hvolf í lífi þeirra.

476 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Meira

Hakan Günday

Þýð.: Friðrik Rafnsson


Níu ára gamall fer Gaza að aðstoða föður sinn við að smygla ólöglegum innflytjendum yfir til Grikklands. En eina nóttina breytist allt.

Meira er kraftmikil verðlaunabók um áhrif fólksflutninga á daglegt líf fólks. Hakan Günday er einn athyglisverðasti rithöfundur samtímans.

445 bls.

Bjartur

KIL



Moldrok

Mons Kallentoft

Þýð.: Jón Þ. Þór

Ný bók um sænska lögregluforingjann Malin Fors, en bækurnar um hana hafa notið mikilla vinsælda. Við rannsókn á morðmáli kemur í ljós að það tengist hvarfi sextán ára stúlku. Sökudólgurinn sendir lögreglunni óræð skilaboð. Malin Fors og félagar eru í kapphlaupi við tímann. Hugsanlegt er að stúlkán sé enn á lífi. Spennusaga eins og þær gerast bestar.

350 bls.

Ugla

KIL



Morðið í Snorralaus

Stella Blómkvist

Háskakvendið og stjórnlögregluámaðurinn Stella Blómkvist snýr aftur með stæl í tíundu bók sinni og tekur bæði harðsnúnustu bófa og kerfiskalla í nefið. Að þessu sinni fæst hún við raðnaudgara, rangan dóm í morðmáli og líkfund í Snorralaus í Reykholti. En erfiðasta málið bíður hennar þó heima fyrir.

317 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Móðir

Alejandro Palomas


Þýð.: Sigrún Eiríksdóttir

Ein vinsælasta bók Spánar undanfarin fjögur ár kemur nú loks út á íslensku. Móðir dregur upp mynd af úrræðagóðri og hugrakkri konu sem er miðpunktur fjölskyldunnar. Hún vefur ósýnilegan þráð sem sameinar og verndar hennar nánustu. Stíllinn og húmorinn þykir minna á myndir Almodóvars.

256 bls.

Drápa

SVK



Múttan

Hannelore Cayre

Þýð.: Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Hvað gerir 53 ára gömul ekki sem á engin eftirlauna-rettindi? Hún hellir sér að sjálfsgöðu beint út í glæpa-starfsemi. Hér er á ferðinni flugbeitt og meinfyndin verðlaun saga sem bregður upp litríkri en núturlægri mynd af ýmsum skúmaskotum fransks samfélags; misvitrum dópsölum, meingölluðu réttarkerfi og glæpadrottningunni Múttu sem aldrei deyr ráðalaus. 164 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Myrknætti

Ragnar Jónasson

Lesari: Þorvaldur Davíð Kristjánsson

Ari Þór Arason, lögreglumaður á Siglufirði, glímir við rannsókn morðmáls ásamt því að reyna að koma reiðu á eigið líf. Reykísvísk sjónvarpsfréttakona heldur norður í leit að upplýsingum um morðið og hinn myrta. Á sama tíma biður ung nepölsk kona dauða síns, lokuð inni í myrkri á óþekktum stað á Íslandi. Saman fléttast þessir þræðir í spennuþrungna frásögn þar sem ekkert er sem sýnist.

🔊 6:17 klst.

Storytel

HLB



Níunda sporið

Ingvi Þór Kormáksdóttir


Lesari: Sigurbjörg Heimisson

Atburður sem hendir tvo drengi í fríðsælu þorpi á Vesturlandi hefur óhugnanlegar afleiðingar áratugum síðar. Mögnuð og spennandi saga um hefnd, fyrirgefningu og duldarfull dauðsföll.

🔊 8:47 klst.

Storytel

HLB




Ó – um þegnrett tegundanna í íslenskrí náttúru

Haukur Már Helgason

Ónatan situr í óformlegri yfirheyrslu hjá lögreglunni. Hann þvertur fyrir að bera ábyrgð á 358 framandi fuglum sem rangla um í borgarlandinu en ýmsar furður hafa þó hent hann undanfarinn sólarhring, eftir að honum var sagt upp störfum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Vegna sérstakra aðstæðna hefur lögreglumaðurinn Svanur nógan tíma til að hlusta. Launfyndin skáldsaga úr íslenskum samtíma og náttúrusögu. 288 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Óvinafagnaður

Fjórar skáldsögur um Sturlungaöld

Einar Kárason

Rómaður sagnabálkur Einars Kárasonar um Sturlungaöld er í senn ómetanlegur lykkill að fortíðinni og nútímalegt bókmenntastórverk – sagnalist eins og hún gerist best. Í þessum dáðu skáldsögum, *Óvinafagnaði*, *Ofsa*, *Skáldi* og *Skálmöld*, birtast persónur og atburðir Íslandssögunnar í nýju ljósi í áhrifamikilli frásögn. Fjórar bækur í einni, ásamt inngangi höfundar. 680 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



VORBÓKATÍÐINDI 2019

GOR Gormabók

HSP Haróspjalda bók

HLB Hjóðbók

IB Innbundin bók

KIL Kilja

RAF Rafbók

SVK Sveigjanleg kápa

EÚT Endurútgáfa



Pantaljón og sérþjónustan

Mario Vargas Llosa

Lesari: Arnar Jónsson

Pantaljón höfuðsmaður fær úthlutað sérstöku leyniverkefni á vegum hersins í frumskógum Perú. Hann er að edlisfari síðavandur og bregður því illilega þegar kemur í ljós að verkefnið felst í því að skipuleggja „sérþjónustu“ kvenna til að svala ástarþörfum hermanna í afskekktum herfylkjum. Dásamlegur farski eftir einn af meisturum spænskra bókmennta, Perúmanninn Mario Vargas Llosa, handhafa bókmenntaverðlauna Nóbels árið 2010.

🔊 10:47 klst.

Storytel

HLB



QAANAQAQ

Mo Malö


Þýð.: Friðrik Rafnsson

Qaanaaq fæddist á Grænlandi, en var ættleiddur til Danmerkur þriggja ára. Þessi snjalli rannsóknalögreglumaður fellst með semingi á að fara til Grænlands til að aðstoða lögregluna þar við að upplýsa eitt umfangsmesta glæpamál í sögu landsins: fjórir starfsmenn á olíupalli fundust látnir og lík þeirra allra voru illa útleikin.

500 bls.

Drápa

SVK



Saga tveggja borga

Charles Dickens


Lesari: Davíð Guðbrandsson

Í Sögu tveggja borga lýsir Dickens með mögnuðum hætti og af einstöku innsæi þeim vonum sem margir báru í þrósti við upphaf frönsku byltingarinnar og þeim hryllingi sem hún leiddi til. Eitt af meistaraverkum heimsbókmenntanna.

🔊 15:46 klst.

Storytel

HLB



Sagnaseiður

Sally Magnusson

Lesari: Margrét Örnólfsdóttir


Árið 1627 fóru sjóræningjar úr Barbaríinu ránsendi um strendur Íslands og rændu yfir 400 Íslendingum, þar af 250 frá Vestmannaeyjum. Meðal þeirra voru annar presturinn í Heimaey, kona hans og börn.

Í þessari mögnuðu skáldsögu fyllir Sally Magnusson í eyðurnar og dregur upp lifandi og litríka sögu af örlögum prestfrúarinnar Ástu Þorsteinsdóttur, sem seld var í ánaud í Alsír.

🔊 11:13 klst.

Storytel

HLB



Sextíu kíló af sólskini

Hallgrímur Helgason

Lesari: Hallgrímur Helgason


Drengur sem bjargast fyrir kraftaverk hlýtur að eiga framtíð en það er eins og forlögini geti ekki gert upp við sig hver sú framtíð eigi að vera. Í stöðnuðu samfélagi torfaldar eru ekki margir möguleikar – en svo kemur síldin! Hér segir frá miklum umbrotatímum í íslenskrí sögu; af því þegar nútíminn sigldi til hafnar á Norðurlandi og Norðmenn námu land öðru sinni. Sagan hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2018.

461 bls. / 🔊 18:12 klst.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL

HLB



Snjóblindu

Ragnar Jónasson

Lesari: Þorvaldur Davíð Kristjánsson

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakinn í snjónum nær dauða en lífi. Aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt á æfingu hjá áhugaleikfélagi bæjarins, daginn fyrir frumsýningu. Ari Þór Arason, nýútskrifaður lögregluámaður, reynir að komast að því hvað er satt og hvað er logið í samfélaginu þar sem engum virðist hægt að treysta.

🔊 7:30 klst.

Storytel

HLB



Stóri maðurinn

Phoebe Locke

Þýð.: Árni Óskarsson


Nokkrum dögum eftir að Sadie eignast sitt fyrsta barn, dótturina Amber, lætur hún sig hverfa án nokkurra útskýringa. Sadie birtist svo skyndilega aftur sextán árum síðar.

Tveimur árum síðar er Amber ákærð fyrir morð og réttarhöldin vekja heimsathygli. Hver var myrtur og hvers vegna?

373 bls.

Veröld

KIL



Stúlkan hjá brúnni

Arnaldur Indriðason

Ung kona sem hefur verið í neyslu er týnd og fjölskylda hennar biður Konráð lögreglumann að leita að henni. Hann er þó með hugann við löngu liðna atburði og skyndilega fangar saga lítillar stúlku sem drukkaði í Reykjavíkurtjörn athygli hans. Snjöll og nístandi saga um brostnar vonir og börn sem eiga sér hvergi skjól, snilldarlega fléttuð af meistara Arnaldi.

300 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL



Stúlkan með snjóinn í hárinu

Ninni Schulman

Lesari: Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir

Á ísköldu gamlárskvöldi hverfur sextán ára stúlka, Hedda Losjö, frá heimili sínu í útjaðri Hagfors í Vermland í Svíþjóð. Skömmu síðar finnst lík ungrar stúlku í jarðhýsi nokkrum kílómetrum frá heimili Losjö-fjölskyldunnar. Blaðamaðurinn Magdalena Hansson verður gagntekin af örlögum Heddu og fer að rannsaka málið nánar. Hún kemst að raun um að þetta friðsæla byggðarlag hefur að geyma leyndarmál – og sumir gera hvað sem er til að fela slóð sína.

🔊 12:47 klst.

Storytel

HLB



Stúlkurnar á Englandserjunni

Lone Theils


Lesari: Berglind Björk Jónasdóttir

Danski blaðamaðurinn Nóra Sand finnur ljósmynd af tveimur stúlkum í gamalli ferðatösku sem var keypt á fornsölu í Bretlandi. Myndin vekur áhuga hennar. Fljótlega kemur í ljós að hún tengist hvarfi tveggja danskra stúlkna á leið til Englands árið 1985. Nóra fer að garfa í þessu gamla máli. Áður en hún veit af er hún komin á slóð óhugnanlegs fjöldamorðingja.

🔊 10:02 klst.

Storytel

HLB



Sumareldhús Flóru


Jenny Colgan

Þýð.: Ingunn Snædal

Sumarlesningin í ár! Flóra MacKenzie hefur ekki komið á æskulöðirnar á skosku eyjunni Mure síðan móðir hennar lést. Nú þarf hún að snúa aftur vegna verkefnis á vegum vinnunnar og með í för er yfirmaðurinn hennar Joel sem hún er bálskotin í. Fyrsta bókin í nýrri seríu eftir höfund bókanna um *Litla bakaríð við Strandgötu* sem slegið hefur rækilega í gegn. Jenny Colgan hefur aldrei verið betri!

Angústúra

KIL



Uppljóstrarinn


Jan-Erik Fjell

Þýð.: Herdís M. Hübner

Anton Brekke aðstoðarvarðstjóri hjá rannsóknarlögreglunni er fenginn til að stjórna rannsókn á morði eins auðgasta manns Fredrikstad. Anton er óforskammaður, ákafur, orðhvatgur og hefur leynda ástríðu: fjárhættuspil. Ásamt hinum áhugasama lögreglunema Magnus Torp byrjar Anton að velta upp mörgum sögum sem fléttast saman á óvæntan hátt í lokin.

320 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan



Urðarmáni

Ari Jóhannesson

Haut 1918: Spænska veikin geisar og landlæknir Íslendinga sætir harðri gagnrýni fyrir að gera ekki nóg til að verja landsmenn. Hann lætur engan bilbug á sér finna fyrr en dag einn þegar til hans leitar ung kona og óskar leyfis til ljósmóðurstarfa. Allt í kring herjar drepsóttin og fellir vini og ástvini. Grípanði söguleg skáldsaga um líf, dauða og lærdóma fortíðar.

210 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Þakkarskuld

Golnaz Hashemzadeh Bonde

Þýð.: Páll Valsson

Teheran 1978: Nahid og Masood eru ung og staðráðin í að hrinda stjórn Íranskeisara. En allt breytist nótt eina í mótmælum ...

Þrjátíu árum seinna liggur Nahid veik á sjúkrahúsi í Svíþjóð og fer yfir líf sitt af dæmafærri hreinskilni.

Áhrifamikil saga um átakanlega sorg og óslökkvandi lífsgleði.

222 bls.

Bjartur

KIL



Þar sem ekkert ógnar þér

Simone van der Vlugt

Þýð.: Ragna Sigurðardóttir


Ókunnur maður birtist heima hjá einstæðri móður í afskekktu húsi. Hann tekur mæðgurnar í gíslingu og skyndilega er öruggu og friðsælu lífi þeirra ógnað. Kona sem villst hefur af leið verður vitni að þessu og flýr burt til að leita aðstoðar. En það reynist hægara sagt en gert.

214 bls.

Veröld

KIL

Ljóð og leikrit



Gangverk

Þorvaldur S. Helgason

Gangverk er heillandi ljóðabók eftir ungt skáld með merkilega lífsreynslu að baki. Leiðarstefið er tungumál hjartans, á forsendum bæði læknávisindanna og ástarinnar, og þannig gefst einstök innsýn í líf og líðan ljóðmælanda. Þorvaldur hefur áður sent frá sér ljóðabókina *Draumar á þvottasnúru*. Fyrir handritið að *Gangverki* hlaut hann Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta.

59 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK RAF



Hafið starfar í þögn minni


Pablo Neruda

Safn þýðinga á ljóðum eftir síleska ljóðskáldið og nóbelsverðlaunahafann Pablo Neruda. Ljóðin eru birt ásamt frumtexta og þeim fylgt úr hlaði með inngangi um yrkisefni hans. Hólmfríður Garðarsdóttir, Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir eru ritstjórar.

238 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Jónsmessunæturdraumur

William Shakespeare


Þýð.: Þórarinn Eldjárn

Jónsmessunæturdraumur er ærslafullur blekkingaleikur og heillandi ævintýri, eitt allra vinsælasta verk stórmeistara leikhússins, Williams Shakespeares. Ástin blómstrar, kynjaverur fara á kreik og töfrar sumar-næturinnar taka öll völd í þessum sigilda og dásamlega gamanleik sem hér kemur út í nýrri þýðingu Þórarins Eldjárns.

109 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL



Undrarmíð

Sigurlín Bjarney Gísladóttir

Sigurlín Bjarney hefur vakið athygli fyrir skemmtileg og persónuleg tók í ljóðum sínum. *Undrarmíð* er sjöunda bók hennar. Undrunin og óraviddir tilverunnar eru meginstefin í ljóðunum sem spretta hér fram og tengjast á óvæntan hátt myndum úr aldagömlum ritum um náttúrufræði og læknisfræði.

76 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK RAF

Handbækur, fræði og ævisögur



Á eigin skinni

betri heilsa og imihaldsrikara líf

Sölvi Tryggvason

Fyrir áratug hrundi heilsa fjölmiðlamannsins Sölva Tryggvasonar. Eftir þrautagöngu milli lækna og annarra sérfræðinga, endalausar rannsóknir og lyfjameðferðir án þess að hann fengi bót meina sinna ákvað hann að taka málin í sínar hendur. Bókin fjallar um leið Sölva til heilsu á ný og tilraunirnar sem hann gerði á eigin skinni. Bók sem slegið hefur í gegn.

215 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Bernskudagar

Óskar Jóhannsson

Lesari: Kristján Frján Magnús

Í þessari bók segir Óskar Jóhannsson, fyrrverandi kaupmaður í Sunnubúðinni, frá bernsku sinni og uppveiti á Vestfjörðum á kreppuárunum og í Reykjavík á heimsstyrjaldarárunum síðari. Einstaklega nærfærin þroskasaga drengs og lýsing á lífsháttum fátæks alþýðufólks fyrir á tíð.

7:28 klst.

Storytel

HLB



Frelsun heimsins

Kristín Marja Baldursdóttir

Frelsun heimsins er líflegt greinasafn þar sem Kristín Marja fjallar meðal annars um sköpun, tungumál, þjóðlíf og konur fyrr og nú. Þetta eru beitt og skemmtileg skrif frá löngu árabili og tilefni eru fjölbreytt, en rauður þráður gegnum safnið er þörfin fyrir að kryfja mál til mergjar og skoða hlutina upp á nýtt; velta við steinum í leit að betra mannlífi.

156 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Hagnýta pottaplöntubókin

Fran Bailey og Zia Allaway


Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Ómissandi bók fyrir alla sem hafa áhuga á að lifga upp á heimilið með fallegum plöntum. Hér er fjallað um 175 tegundir og góð ráð gefin um umhirðu svo að plönturnar dafni sem best allan ársins hring. Einnig eru tillögur að frumlegri uppstillingu og ýmsar skemmtilegar hugmyndir.

224 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Hernaðarlistin


Sun Tzu

Þýð.: Brynjar Arnarson

Hernaðarlistin eftir kínverska hershöfðingjann Sun Tzu hefur frá því á fimmtu öld fyrir Krist verið áhrifamikill leiðarvísir um herkænsku. Eftir að ritið var þýtt á evrópsk mál hefur það reynst forystumönnum á öllum sviðum þjóðfélagsins taktískur leiðarvísir í hvers kyns deilum og valdabaráttu. Er ritið nú almennt álitíð skyldulesning í nútíma stjórnunar- og leiðtogafræðum. 120 bls.

Ugla

KIL



Hugsað með Aristótelesi

Ritsstj.: Eiríkur Smári Sigurðarson og Svavar Hrafn Svavarsson

Aristóteles er án efa einn áhrifamesti heimspekingur sögunnar. Hann er frægasti nemandi Platons, kennari Alexanders mikla, einn af höfundum heimsmyndarinnar sem hin nýju vísindi og upplýsingin sneru niður. Einnig er hann höfundur dyggðasiðfræðinnar sem hefur haft mikil áhrif á siðfræðikenningar frá miðri 20. öld og fram á okkar daga. Í þessu riti eru átta nýjar greinar um heimspeki hans og fjalla um fjölbreytta þætti í frum-speki, siðfræði og skáldskaparlist hans. Einnig er birt ritgerð eftir Grím Thomsen um Aristóteles. 216 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Íslandsstræti í Jerúsalem


Hjálmtýr Heiðdal

Hér er sögð saga Palestínu og Ísraels. Reifaðar eru orsakir og afleiðingar þess að Ísraelsríki var stofnað 1948 og Palestínumenn rændir landi sínu. Hér er í fyrsta sinn sagt frá hlutdeild Íslendinga í þessari átaka-sögu, þegar fulltrúar landsins áttu þátt í því að kveikja ófriðarball fyrir botni Miðjarðarhafsins sem enn logar glatt. 224 bls.

Nýhöfn

Nýhöfn

KIL




Íslenskt lýðræði

Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson

Í lýðræðisumræðu eftir hrun bankanna 2007 hefur mikil áhersla verið lögð á að auka þátttöku borgaranna en síður hvernig styrkja megi fulltrúalýðræðið. Hér er kastljósinu beint að starfsháttum og stefnumótun í stjórn-málum í ljósi hugmynda rökræðulyðræðis. Kannað er hvaða skilningur er ríkjandi á lýðræði hérlendis og hvernig hann birtist í stjórnsíðum, hugmyndum um lýðræðislega ábyrgð, fjölmiðlun, menntunaráformum og pólitískri umræðu. 308 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Jón Gunnarsson – Ævisaga

Jakob F. Ásgeirsson

Lesari: Hallgrímur Thorsteinsson

Fáir menn hafa markað jafn djúp spor í atvinnusögu Íslendinga á tuttugustu öld og Jón Gunnarsson. Með viðamiklu sölustarfi skapaði hann íslenskum sjávarafurðum nafn á stærsta markaði heims. Það lagði grunn að uppbyggingu hraðfrystiðnaðar sem áratugum saman var burðarás íslensks atvinnulífs og grundvöllur hagvaxtar í landinu. 11:51 klst.

Storytel

HLB



Kaupthinking

Bankim sem átti sig sjálfur


Þóður Snær Júlíusson

Afhjúpandi bók um það sem gerðist á bak við tjöldin í einu sögulegasta gjaldþroti heims með nýjum upplýsingum úr innsta hring.

Kaupthinking var ein umtalaðasta bók ársin 2018, hlaut mikið lof og var á meðal söluhæstu bóka. Bókin hlaut Bláðamannaverðlaunin 2018. 368 bls.

Veröld

KIL RAF



Lífið í lit


Helgi Magnússon litur um öxl

Þjörn Jón Bragason

Endurminningar Helga Magnússonar lýsa miklum átökum að tjaldabaki í íslensku viðskiptalífi og eru jafnframt saga af farsælum viðskiptum þriggja kynslóða í 117 ár. Hér er m.a. fjallað um Hafskipsmálið, átökin í Íslandsbanka fyrir Hrun og uppgjörið við Sjálfstæðisflokkinn. 544 bls.

Skrudda

IB



Lífssögur ungs fólks

Sigrún Aðalbjarnardóttir

Athygli er beint að því mikilvæga hlutverki uppalenda að hlúa að velliðan og velferð æskunnar, bæði henni og samfélaginu til heilla í samtíð og framtíð. Byggt er á viðamikilli langtímarannsókn höfundar þar sem kannaðir eru ýmsir þroskaþættir ungmenna frá upphafi unglingsára fram á þrítugsaldur. Skoðað er hvernig uppeldisaðferðir foreldra geta haft áhrif á samskiptahæfni ungmenna og líðan, sjálfstraust, trú á eigin sjálfstjórn og námsgengi. Raktar eru áhugaverðar lífssögur fimm ungmenna í þessu sambandi. 568 bls.

Háskólaútgáfan

HSP



Náðu tökum á þunglyndi

Sóley Dröfn Davíðsdóttir

Þunglyndi er algengt vandamál sem margir þurfa að kljást við. Hér er rakið hvernig má ná varanlegum árangri með því að beita aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og núvitundar til að rjúfa vítahring þunglyndisins og bæta líðanina. Rætt er um þætti eins og svefnleysi, örlyndi og kulnun í starfi og hvernig megi viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. 171 bls.

Forlagið - Vaka-Helgafell

SVK RAF



Saklaus í klóm réttvísinnar

Jónas Jónasson og Magnús Leópolðsson

Lesari: Hinrik Ólafsson

Hvernig er að lenda saklaus í klóm réttvísinnar á Íslandi? Magnús Leópolðsson hefur í tvo áratugi þagað um þessa erfiðu daga sína í Síðumúlafangelsi þegar yfirvöld töldu víst að hann hefði myrt Geirfínn Einarsson og honum væri best að játa. Nú finnst Magnúsi vera kominn tími til að leysa frá skjóðinni. 6:43 klst.

Storytel

HLB



Skömmin

Úr vanmætti í sjálförýggi
Guðbrandur Árni Ísberg

Skömmin er flókin tilfinning. Í jafnvægi hjálpar hún okkur að tengjast öðrum og gæta virðingar í samskiptum. Þegar hún fer úr böndunum brotnar sjálfmyndin, okkur finnst við einskis virði og langar mest til að fara í felur. Í alvarlegustu tilfellunum leiðir hún til ofbeldis og sjálfsvíga. Ein af undirstöðum andlegs og líkamlegs heilbrigðis er að læra að temja skömmina og vingast við hana.

246 bls.
Forlagið – JPV útgáfa



SVK



Stórar stelpur fá raflost


Gunnhildur Una Jónsdóttir

Gunnhildur Una Jónsdóttir, einstæð þriggja barna móðir, var sett í raflostmeðferð sem leiddi til þess að hún glataði minningum sínum, veruleikinn varð framandi og fortíðin í molum. Áhrifamikil frásögn um það þegar fortíð konu þurrkast út og hvernig henni tekst að endurheimta lífið á ný.

156 bls.

Verðöld

KIL



Styrjöldin í Selinu

Upprifjun

Ritn.: Ágúst Guðmundsson, Ásgeir Sigurðsson, Gísli Már Gíslason, Heimir Sindrason og Sigurður St. Arnalds

Í febrúar 1965 var þriðja heimsstyrjöldin sett á svið í Menntaskólaselinu. Atburðurinn brenndi sig í vitund grandalausra nemendanna, þáverandi fjórðubekkinga í MR, þannig að enginn er samur á eftir, meira en hálfri öld síðar. Í bókinni, sem er prýdd fjölmörgum ljósmyndum, rifja þolendur og gerendur upp viðburðinn og skoða í víðara samhengi.

160 bls.

Ormstunga

IB



Til eru frá: Haukur Morthens – saga söngvara og séntilmanns

Jónas Jónasson

Lesari: Jóhann Sigurðarson

Sennilega hefur enginn íslenskur söngvari sungið sig jafn rækilega inn í hjörtu og þjóðarsál Íslendinga og Haukur Morthens. Í áratugi var hann vinsælasti dægurlagasöngvari landsins, söngvari sem kunnir þá list að hræra strengi í brjóstum áheyrenda sinna og fá þá til að hrifast, brosa og jafnvel fella tár.

5:08 klst.

Storytel

HLB

VORBÓKATÍÐINDI 2019

Útgefandi:

Félag íslenskra bókaútgefenda
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netf.: fibut@fibut.is
Vefur: www.fibut.is



Prentvinnsla:

Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja

Ábyrgðarmaður:

Benedikt Kristjánsson

Forsíða:

Halldór Baldursson/Ámundi Sigurðsson



Transbarnið

Stephanie Brill og Rache Pepper

Þýð.: Trausti Steinnsson

Síðustu ár hafa æ fleiri trans börn stigið fram á Íslandi og oft mætt litlum skilningi í samfélaginu, jafnvel forðómum. Spurningar um kynþjáningu og kynvitund hafa brunnið á foreldrum og aðstandendum. Bókin, sú fyrsta sinnar tegundar, leiðir fjölskyldur og fagfólk í gegnum mörg grundvallaratriði og hvað fylgir því að eiga trans barn eða barn með ódæmigerða kynþjáningu. Tekist er á við hvað kynvitund er, hvernig kyn mótast, hvað trans er, hvernig er að koma út, hvað kynleiðrétting er og ekki síst hvernig hægt er að bregðast við þessu öllu saman.

264 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Tuð vors lands

Litla bókin um ólundina

Lotta Sonninen

Þýð.: Bjarni Guðmarsson

Oft hefur verið tilefni til að tuða en sjaldan eins og nú.

Tuð vors lands heldur utan um hvers konar greinju, beiskju, rant og raus af öllu tagi. Nú þarftu aldrei að gleyma hvað fer í pirrnar á þér í fari ættingja og vina, samstarfsmanna og fólks í fréttum og á samfélagsmiðlum. Settu undir þig meinhornin, losaðu um spennu og vertu versta útgáfan af þér.

112 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Það sem allir umhverfissinnar þurfa að vita um kapitalisma

Handbók alþýðu um umhverfismál og kapitalisma

Fred Magdoff og John Bellamy Foster

Þýð.: Þorvaldur Þorvaldsson

Þessi bók fjallar ítarlega um tengslin milli grunneðlis kapitalismans og umhverfisvanda okkar tíma. Þetta kallar á tafarlaugar þjóðfélagsbreytingar þar sem jöfnuður og hófsemi verða í fyrirrúmi og munu þær spara samfélaginu mikinn sársauka. Að sama skapi mun dráttur á þeim valda miklum þjáningum.

170 bls.

Skrudda

KIL



Þjóðhöfðingjar Íslands

– frá upphafi til okkar tíma

Vera Illugadóttir

Frá Hákonni gamla til Guðna Th. Árið 1262 játuðust Íslendingar undir vald norska konungsins. Á þeim 756 árum sem síðan eru liðin hafa þrjátíu og fjórir karlar og tvær konur gegnt embætti þjóðhöfðingja Íslands. Hér skoðar Vera Illugadóttir líf allra þjóðhöfðingja okkar, valdatíma þeirra, pólitík, einkalíf og ástir.

Höfundur les hljóðbókina.

7:26 klst.

Storytel

HLB



Pungir skrifborðsþankar

Sigurjón Bjarnason

Bókin inniheldur pistlasafn höfundar og grípur á ýmsum málaflokkum, svo sem fjármálum, stjórnmálum, skattamálum og svo blessuðu hruninu, sem seint verður tæmt umræðuefni. Þá er hluti bókarinnar helgaður austfirskum málefnum.

Höfundur birtir sín persónulegu sjónarmið í pistlum þessum, en ætlast ekki til að nokkur maður verði honum sammála hvað efni snertir.

180 bls.

Snotra ehf.


SVK

„Ætli einhver sé
til í að skutla til
mín góðri bók?
Strax?“




Gullbúrið
Camilla Läckberg

-20% 3.990 kr.
3.190 kr.



Ísköld augnablik
Viveca Sten

-15% 3.990 kr.
3.390 kr.



Uppljóstrarinn
Jan-Erik Fjell

-15% 3.990 kr.
3.390 kr.



Lasarus
Lars Kepler

-15% 3.990 kr.
3.390 kr.



Kastaníumaðurinn
Søren Sveistrup

-15% 3.990 kr.
3.390 kr.


Frí heimsending samdægurs

Allar pantanir yfir 4.900 kr. eru sendar frítt heim að dyrum... samdægurs!



HEIMKAUP.IS

Smáratorgi 3
201 Kópavogi
s. 539-3535



ÓMÆ NITNÓPH

24.-27. apríl 2019

MAJA LUNDE

ROY JACOBSEN

SAMANTA SCHWEBLIN

IAIN REID

JOHN FREEMAN

LILY KING

TOM MALMQUIST

YOKO TAWADA

DAVID FOENKINOS

HAKAN GÜNDAY

SIMONE VAN DER VLUGT

CAROLINA SETTERWALL

DOMENICO STARNONE

GOLNAZ HASHEMZADEH BONDE

MERETE PRYDS HELLE

ANURADHA ROY

HANNELORE CAYRE

ROSKVA KORITZINSKY

EINAR KÁRASON

FRÍÐA ÍSBERG

HALLGRÍMUR HELGASON

JÓNAS REYNIR GUNNARSSON

HALLDÓR LAXNESS HALLDÓRSSON

SIGRÍÐUR HAGALÍN BJÖRNSDÓTTIR

FRÍÐGEIR EINARSSON

KAMILLA EINARSDÓTTIR

MAZEN MAAROUF

RAGNAR HELGI ÓLAFSSON

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

STEINUNN G. HELGADÓTTIR

ÞÓRA HJÖRLEIFSDÓTTIR

WWW.BOKMENNTAHATID.IS

Bókmenntahátíð í Reykjavík



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Norræna húsið



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA